

## L Ö G

## um læknishéraða- og prestakallasjóði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum, eða hluta þeirra, til þjónandi læknis í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs. Við ákvörðun þessarar upphæðar skal jafnan miða við byrjunarlaun eins og þau eru ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Nú kemur ekki til útborgunar allt það fé, sem áætlað er í fjárlögum sem læknisvitjanastyrkur handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og rennur þá það, sem afgangur verður af áætluðu fé til hvers héraðs, í sjóð þess.

## 2. gr.

Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru samkvæmt 1. gr., nefnast læknishéraðasjóðir. Skulu þeir vera í vörzlu og undir umsjá ráðherra, sem sér um, að fé þeirra sé jafnan handbært og ávaxtað á tryggum stað.

## 3. gr.

Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.

## 4. gr.

Landlæknir gerir, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi héraðsbúa, tillögur um fjárveitingar úr læknishéraðasjóðum, en ráðherra tekur ákvarðanir um þær.

## 5. gr.

Þegar prestakall er prestslaust, svo að eigi kemur til greiðslu embættislauna eða hluta þeirra, skal fjárhæð sú, sem sparast, miðað við byrjunarlaun presta, renna í sérstakan sjóð, sem kirkjuráð varðveitir.

Sjóðurinn heitir prestakallasjóður og skal hann geymdur í Landsbanka

Íslands. Kirkjuráð ráðstafar sjóði þessum til verkefna þeirra, sem því eru ætluð samkv. lögum nr. 21 6. júlí 1931.

98  
19. júní

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Dorsteinn Briem.*

## L Ö G

### um veitingaskatt.

99  
19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Greiða skal í rikissjóð 10% skatt af söluverði matfanga, drykkjarfanga og annara neyzluvara, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum eða öðrum þeim veitingastöðum, sem leyfi þarf til að reka samkv. lögum nr. 21 15. júní 1926. Ennfremur eru skattskyldar veitingar í kökubúðum (konditori) og tækifærisveitingar þær, sem leyfi þarf til þess að hafa um hönd samkv. áðurnefndum lögum. Skattur samkvæmt lögum þessum skal þó eigi reiknaður af öðru en því, sem selt er til neyzlu á staðnum.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem eigi þarf leyfi til samkv. gildandi lögum, en er þó sama eðlis og sú veitingasala, sem skattskyld er samkvæmt framanrituðum ákvæðum, og skulu þá þeir, er slíka starfsemi reka, skoðaðir sem skattskyldir veitingasalar.

2. gr.

Veitingasalar, er selja fæði, mjólk og skyr, enda sé hver fullkomin máltíð eigi seld hærra en kr. 1.25, mjólk og skyr eigi með meira álagi en 25% frá sölu-